

55.stjórnarfundur Kraftlyftingasambands Íslands var haldinn 22.apríl 2015 á skrifstofu sambandsins og hófst kl. 18.00. Mætt: Sigurjón, Sturla, Kári og Gry. Ása boðaði forföll.

Þetta gerðist:

- **Fundargerð** síðasta fundar samþykkt.
 - **Reglugerðir.**
Drög að reglugerðum um keppnisferðir, síðareglum og hegðunarviðmið voru lögð fram og kynnt. **Stjórnarmenn** hafa drögin til yfirlstrar fram að næsta fundi.
 - **Dómarapróf.**
Sturlaugi og **Kára** falið að huga að næsta dómaraprófi í samráði við dómaranefnd.
 - **Fjármál.**
Ákveðið að ganga frá sektargreiðslu til IPF vegna brota Sigfúsar Fossdals á lyfjalögum. Sambandið á endurkröfu á Sigfús vegna þessa og vegna styrkjagreiðslna frá KRAFT. Illa gengur að fá nauðsynleg gögn frá keppendum til að ljúka uppgjör við afrekssjóð fyrir árið 2014. Málið fer í hendur bókhaldsmanns. **Sigurjón** og **Kári** með málin
 - **Landsliðsmál og mót erlendis.**
Farið yfir stöðu á samningum og áætlunum. Hótelpantanir og greiðslur einstakra landsliðsmanna ekki í lagi. **Gry** fer yfir málin.
- Gry mætti á fundinn.**
- **Formannafundur.**
Reglugerð um formannafund samþykkt. Ákveðið að hafa næsta formannafund laugardaginn 6.júni nk.
Gry birtir reglugerð á kraft.is, tryggir fundarsal og sendir ut fundarboð.
 - **Opin mót framundan - mótaskrá**
Beiðnir hafa borist frá Breiðablik og KFA um að fá opin mót bætt inn á mótaskrá strax til að fá skráðan árangur til lágmarka fyrir ÍM í opnum flokki. Ákveðið að gera engar breytingar á mótaskrá. **Gry** falið að senda svör.
 - **Skýrsluskil.**
Kári gengur frá skýrslu KRAFT í Felix. **Gry** ítrekar við félög að senda afrit af ársskýrslum til KRAFT.
 - **Afreksstefna – næstu skref.**
Vinnufundur verður haldinn 9.mai nk. **Kári** undirbýr skjöl fyrir fundinn. **Gry** boðar og tryggir A-sal undir fundinn.
 - **Reglugerð um kraftlyftingakeppni.**
Drög að nýjum reglum lögð fram og rædd ítarlega. Stjórnin þakkar **Gry** og **Maríu** vinnu

við drögin. **Gry** vinnur áfram útfrá athugasemdum fundarins og sendir endurbætt drög á stjórnarmenn sem fyrst.

- **Aðild samþykkt fyrir Kraftlyftingadeild Ungmennafélags Bolungarvíkur**
Umsókn hefur borist um aðild að KRAFT frá UMFB sem stofnaði kraftlyftingadeild 3.febrúar sl. Umsóknin samþykkt.

Þessum málum var frestað til næsta fundar:

- Lög og endurskoðun þeirra
- RIG og þátttaka KRAFT
- Styrkbeiðni KFA vegna móts í Noregi

Fundi slitið kl. 22.30

Fundarritari Gry Ek